



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

12. árgangur 11.tbl.

Desember 2015



*Bestu óskir um ánægjulega
jólahátíð, farsæld og gleði á
komandi ári til íbúa
og samstarfsfólks.*

*Hjartans þakkir fyrir
samskiptin á árinu
er senn kveður.*

*Sveitarstjórn og starfsfólk
Skeiða- og
Gnúpverjahrepps*



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. janúar 2016.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti.

Alltaf gaman, alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

**Opið verður mánudagana 21. og 28. des. í stað
fimmtudaga vikur 52 og 53! S: 486-5505**

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Munið! Nýtt símanúmer á

Heilsugæslunni í Laugarási 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Lyfju– útibú í Laugarási S. 486-8655


Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema miðvikudaga,

pá er opið 10-13.

Ath. Breyttur opnunartími!

Opnunartími gámasvæða vetur 2015!

Gámasvæðið við Árnæs stendur við E- götu vestan Suðurbrautar í Árnesi.



Opið þar:

þriðjudaga

kl. 14:00 - 16:00

laugardaga

kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt:

miðvikudaga

kl. 14:00 - 16:00

laugardaga

kl. 13:00 - 15:00

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnæs.

Jón F. Sigurdsson í Réttarholti hefur umsjón með gámasvæðunum gsm. **893-7016** eða **462-5301**.

Skaftholt tekur áfram við garðaúrgangi og afklippum trjáa. Og eins og áður er að hægt að losa þar að degi til, garðaúrgang og afklippum trjáa á ákveðnu svæði þar alla daga vikunnar. (Til vinstri á heimreið framan vert við gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Sveitarstjóri.

22. sveitarstjórnarfundur Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðviku daginn 02. desember 2015 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinnsson, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Meike Witt, Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Oddviti óskaði eftir að tveimur málum yrði bætt á dagskrá fundarins. Húsaleigusamningur við sveitarstjóra og gildandi samningur um snjómokstur. Það var samþykkt samhljóða. Til kynningar bætist skýrsla frá R3 um embætti Skipulags- og byggingafulltrúa.

Dagskrá:

Mál til umfjöllunar og umræðu:

1. Sorpþjónusta sveitarfélagsins.

Jón Frantzson og Guðjón Egilsson frá Íslenska gámfélaginu mættu til fundar. Þeir ræddu um þá þjónustu sem félagið annast í sorpþjónustu fyrir sveitarfélagið. Félagið hefur annast sorphirðu fyrir sveitarfélagið frá 2009. Þar að lútandi samningur er nýlega runnin út. Umræður voru um hvort æskilegt væri að bjóða þjónustuna út. Hann lagði áherslu á að ekki væri sjálfgefið að hagur væri af því að mörg sveitarfélög bjóði út í sameiningu. Farið var yfir einingarverð skilmála þjónustunnar. Hvatt var til þess að upplýsingagjöf frá félaginu væri sem best á hverjum tíma. Rætt var um mögulegar breytingar á áherslum á lífrænum úrgangi. Jón Frantzson sagði félagið tilbúið til að koma betur að kynningu á umhverfismálum og flokkunarmálum í sveitarfélaginu til að mynda í grunnskólanum. Rætt var um að afhending á plastúrgangi á gámasvæðum væri ekki viðunandi. Til umræðu komst hvort æskilegt væri að hafa gámasvæði opin án gæslu. Jón og Guðjón sögðu frá miður góðri reynslu af því að hætta við gæslu á gámasvæðum og töldu þeir ekki líklegt að ávinningur yrði af því. Jón Frantzson lofaði að senda til sveitarstjórnar ítarlegar tölulegar upplýsingar um þann úrgang sem Íslenska gámafélagið hefur tekið við frá sveitarfélaginu síðustu árin, magn og flokkun. Ákveðið að halda umræðu um sorpmál áfram á næsta fundi sveitarstjórnar.

2. Ferðamálafulltrúi Uppsveita. Hlutverk, áherslur og verkefni. Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi mætti til fundar. Ásborg starfar fyrir sveitarfélögin í Uppsveitum Árnessýslu. Ásborg sagði frá því helsta sem hún er að fast við í sínum störfum. Fjölgun starfa er mikil á síðustu árum í ferðaþjónustu á svæðinu. Ferðamannastraumur nær nú yfir mun lengri tíma af árinu en áður. Algengara en nokkru sinni áður er að hús á svæðinu séu leigð til ferðamanna. Aukinn ferðamannastraumur knýr á um að ferðaskipulagning taki breytingum. Ásborg lagði áherslu á að margir staði væru eftirsóknarverðir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fyrir ferðamenn. Tækifæri væru ef til vill mikil um þessar mundir. Gunnar Marteinnsson lagði mikla áherslu á mikilvægi samganga í ferðaþjónustu. Ásborg sagði starf sitt hafa breyst, þar megi nefna verkefni sem snúa þar mjög að sveitarfélögum, svo sem umhverfismál og

tilheyrandi kröfur þar um. Ásborg leggur uppúr því að upplýsingagjöf um ferðamannastaði og þá þjónustu sem er í boði sé mikilvæg.

3. Gjaldskrá sveitarfélagsins 2016.

Vatnsgjald:

Gjaldskrá vatnsveitu fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði verður óbreytt frá þeirri gjaldskrá sem í gildi hefur verið frá árinu 2012.

Vatnsgjald er 0,20% af fasteignamati íbúðarhúsa, lóða og atvinnuhúsnæðis. Þó að hámarki 35 þúsund krónur. Vatnsgjald sumarhúsa er 24.000 kr.

Seyrulosunargjald:

Árlegt gjald fyrir losun á seyru samkvæmt samþykkt nr. 149/2004 um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru verður 7,607.-kr á rotþró. Hækkun 10 %

Sorpgjöld:

Sorpgjöld eru lögð á samkvæmt samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 8. desember 2005. Samþykktin var staðfest á 84.fundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þann 14. mars 2006, og staðfest af Umhverfissráðuneyti þann 5. janúar 2007.

Sorpgjöld árið 2016 verða eftirfarandi: Hækkun 10 %

Sorphirðugjald 240 lítrar 13.728-kr.

Sorphirðugjald 660 lítrar 39.777-kr.

Sorphirðugjald 1.100 lítrar 68.931-kr.

Sorpeyðingargjald íbúðarhús 13.926.-kr.

Sorpeyðingargjald sumarhúsa 10.417-kr.

Sorpeyðingargjald atvinnu 38.071-kr.

Samþykkt um afslætti til íbúa sveitarfélagsins varðandi lífrænt hráefni frá 3. september 2013 gildir óbreytt.

Fráveitugjald:

Þar sem holræsakerfi er til staðar á vegum sveitarfélagsins er innheimt holræsagjald, nemur gjaldið 0,25% af fasteignamati viðkomandi eignar.

Lóðaleigugjöld:

Lóðaleigugjöld innheimtast eftir lóðaleigusamningum.

Gjaldskrá mótuneytis:

Hádegisverður til nemenda Þjórsárskóla 317-kr

Hádegisverður til nemenda Leikholts 227 kr. -

Gjald fyrir hádegisverð til starfsmanna nemi hráefnisverði máltíða.

Er frá 1. ágúst 2015 431 kr. Verðið skal endurskoða 1. janúar og 1. júlí 2016.

Gjaldskrá Þjórsárskóla :

Morgunhressing kr. 80.-

Skólavistun klst. kr. 305

Aukavistun klst. kr.305

Náðarkorter 15 mín. 540 kr

Gjaldskrá leikskólans Leikholts:

Vistun á kjarnatíma, frá kl 08:00-16:00 er gjaldfrjáls.

Stök morgunhressing kr. 80- Stök síðdegishressing kr.90-

Gjald fyrir klukkustund utan kjarnatíma kr. 2.220. fyrir 30 mínútur kr. 1.110

Gjald fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur kr. 555.-

4. Ákvörðun um útsvarshlutfall og fasteignagjöld.

Tillaga að útsvarsprósentu og álagningu fasteignagjalda í Skeiða – og Gnúpverjahreppi.

A. Útsvar fyrir árið 2016 verður 14,48 %.

B. Fasteignagjöld

A-flokkur.

Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr.4/1995 verður 0,50% af heildar fasteignamati.

B-flokkur.

Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1.32 % af heildar fasteignamati.

C-flokkur.

Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. Í lögum nr. 4/1995 verður 1,65% af heildar fasteignamati.

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir samþykktum sveitarstjórnar frá 7 febrúar 2006. Samkvæmt 3. Grein þeirrar samþykktar geta þeir sem eru eldri en 67 ára og þeir sem eru 75 % öryrkjar eða meira sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirrar íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af öðrum, tekjuviðmið er í lið 7.

Gjalddagar fasteignaskatts eru í lið 8. Lagt er til að afsláttur á fasteignagjöldum taki breytingum frá árinu 2015 í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverð á tímabilinu 1.des 2014 til 1.des. 2015. Gjalddögum fasteignagjalda verði fjölgað árið 2016 í samræmi við það sem lög og reglur heimila. Nánari útfærsla lögð fram á næsta fundi sveitarstjórnar. Tillögur um útsvarshlutfall og fasteignagjöld samþykkt samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun 2016 og 2017-2019 seinni umræða.

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélagið árin 2016 og 2017-2019 til seinni umræðu.

Útsvar nemi 187,6 mkr.

Fasteignagjöld 187,2 mkr

Tekjur frá Jöfnunarsjóði 59,3 mkr

Rekstrargjöld samstæðu 472,0 mkr

Afskriftir 25,5 mkr

Rekstrarniðurst. A-hluta tekjur umfram gjöld 29,8 mkr

Rekstrarniðurst. samstæðu A og B-hluta tekjur umfram gjöld 26,6 mkr

Handbært fé frá rekstri A-hluti 23,0 mkr.



Handbært fé frá rekstri samstæðu 52,9 mkr.

Næsta árs afborganir langtímalána 2,9 mkr.

Fjárfestingar á árinu eru áætlaðar fyrir 34,5 mkr.

Stærsta fjárfestingaverkefni verður lagfæring gatna 20,5 mkr.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun 2017-2019. Sveitarstjóri lagð fram fjárhagsáætlun 2017-2019

Skatttekjur, framlög úr jöfnunarsjóði og aðrar tekjur eru áætlaðar þær sömu árin 2017-2019 og árið 2016.

Ef ekki kemur til lækkun útsvars er áætlað að rekstrarniðurstaða eftir fjármagnsliði verði 26,470 þkr árið 2017, 25.661 þkr árið 2018 og 26.451 þkr árið 2019 Ekki er tekið tillit til verðlagsbreytinga. Áætlað er að heildarvirði eigna vaxi og muni nema 826.483 þkr í lok árs 2019.

Veltufé frá rekstri er áætlað 52.595 þkr 2017 og 52.806 þkr árið 2019. Útlit er fyrir að handbært fé hækki frá ári til árs og verði komið í 98.652 þkr í lok árs 2019. Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 24 mkr á ári 2017. Tilefni er til að það verði endurskoðað. Ekki hafa verið lögð fram áform um framkvæmdir árin 2018-2019.

Útlit er fyrir að eiginfjárhlutfall verði 83 % í lok árs 2019 og veltufjárhlutfall verði 2,00. Fjárhagsáætlun 2017-2019 samþykkt samhljóða.

6. **Fjárfestingaáætlun 2016.** Sveitarstjóri kynnti tillögu að framkvæmdum 2016.

Áætlað er að framkvæma fyrir 34.5 mkr áætlun samþykkt samhljóða

7. **Fjárhagsmál.** Viðaukar fjárhagsáætlun 2015.

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun 2015.

Útsvarstekjur lækkun úr 212.058 þkr í 187.650 þkr eða um 24.408 þkr.

Hækkun á tekjum úr Jöfnunarsjóði úr 35.664 þkr í 45.792 eða um kr. 10.128 þkr

Samtals breytingar til lækkunar á rekstrarniðurstöðu 14.280 þkr.

Viðaukar samþykktir samhljóða.

Sveitarstjóri lagði fram beiðni um heimild til framlengingar yfirdráttar á bankareikningi sveitarfélagsins allt að 15 mkr til 06. febrúar 2016.

Samþykkt með fjórum atkvæðum.

8. **Kosning um nafn á sveitarfélagið.** Lagt var fram bréf frá Örnefnastofnun.

Óskað var umsagnar nefndarinnar um þau átta nöfn sem tillögur bárust um. Þann 20. október s.l. rann út frestur til að skila inn tillögum um nafn á sveitarfélagið. Eitt þessara átta nafna er núverandi nafn, Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Nafnatillögurnar eru auk þess nafns eftirtalin: Eystribyggð, Eystrihreppur, Vörðubbyggð, Þjósárþakkar, Þjósárbyggð, Þjósárhreppur, Þjósársveit. Nefndin mat það svo að nafnið Vörðubbyggð væri óheppilegt. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kjósa um öll nöfnin utan Vörðubbyggðar og að kosningin um nafn fari fram 09. janúar 2016. Kjörstjórn sveitarfélagsins falið að annast framkvæmd kosningarinnar í samræmi við áður samþykktar reglur um kosninguna.

9. **Vinna við endurskoðun aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.**

Niðurstaða verðkönnunar. Ákvörðun um samstarfsaðila.

Verðkönnun var opnuð 27. nóvember sl um vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins, verð bárust frá fjórum aðilum. Samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við fulltrúa þeirra fyrirtækja sem buðu lægst verð í verkefnið, það eru Steinsholts sf, Eflu ehf og Landhönnunar slf.

10. **Erindi frá eigendum lóða og fasteigna í Áshildarmýri.** Lagt var fram undirritað erindi frá eigendum lóða við Áshildarveg við Áshildarmýri um að breytt verði aðalskipulagi. Sveitarstjórn samþykkir að kanna möguleika á að verða við erindinu en til þess að slíkt sé hægt þarf að fara fram aðalskipulagsbreyting.
11. **Erindi frá Íbúðalánasjóði.** Eignin Holtabraut 4 boðin til kaups. Lagt fram erindi í tölvupósti frá Árna Markússyni hjá Íbúðalánasjóði, þar sem Holtabraut 4 er boðin sveitarfélaginu til kaups. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
12. **Brunaáætlun Brunavarna Árnessýslu.** Óskað umsagnar. Einari Guðnasyni varðstjóra Brunavarna var falið að veita umsögn um málið og gerir hann ekki athugasemdir við áætlunina. Sveitarstjórn samþykkir áætlunina samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita hana fyrir hönd sveitarfélagsins.

Fundargerðir:

13. **Skipulagsnefnd, 99. fundur** mál nr 11 þarfnast afgreiðslu.

Mál 11. Stöng og Gjáin í Þjórsárdal: Deiliskipulag - 1511004

Um ræðir lýsingu skipulags vegna deiliskipulags fyrir Stöng og Gjána í Þjórsárdal.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrir sitt leiti að lýsingin verði kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hún send til umsagnar Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Skógræktar ríkisins og Forsætisráðuneytisins.

14. **Skipulagsnefnd, 100. Fundur** mál nr. 6 og 7 þarfnast afgreiðslu.

Mál 6. Hvammsvirkjun. Virkjun Þjórsár á móts við Skarðsfjall Deiliskipulag 150- 9062 Drög að deiliskipulagi. Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu þar til umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu liggur fyrir það mun verða þann 11. desember 2015.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við þá afgreiðslu Skipulagsnefndar.

Mál 7. Hæll 1. 166569. Umsókn um byggingaleyfi starfsmannahús 1511040.

Sótt um leyfi til að byggja starfsmannahús 80 m2 að stærð. Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins og felur byggingafulltrúa að ræða um staðsetningu hússins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar.

15. **Stjórn Bs Skipulags og byggfltr. 29. fundur.** Fundargerð lögð fram og kynnt.

16. **Stjórn Bs Skipulags og byggfltr. 30. fundur.** Fundargerð lögð fram og kynnt.

17. **Skólanefnd 17. fundur** Grunnskólamál. Fundargerð lögð fram og kynnt.

18. **Skólanefnd 18. Fundur** Leikskólamál. Fundargerð lögð fram og kynnt.

19. **NOS.** Nefnd oddvita og sveitarstjóra. Fundur nr. 8 13.11.15. Fundargerð lögð fram og kynnt ásamt fjárhagsáætlun fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings fyrir árið 2016. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti fjárhagsáætlunina samhljóða.

Kynnt var atvinnuáttak í samvinnu við Vinnumálastofnun. Sveitarstjórn samþykkir atvinnuáttakið samhljóða.

Beiðnir um styrki :

20. **Erindi frá HSK.** Beiðni um styrk vegna kvikmyndagerðar. Undirrituð af Engilbert Olgeirssyni. Beiðni hafnað.
21. **Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.** Beiðni um styrk til sumardvalar fatlaðra. Undirrituð af Vilmundi Gíslasyni. Samþykkt að veita 50.000 krónum til verkefnis.
22. **Landgræðslan.** Beiðni um styrk. Bændur græða landið. Beiðni undirrituð af Sigprúði Jónsdóttur. Samþykktur styrkur að fjárhæð 30.000 kr.

Annað:

23. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi að Hlemmiskeiði 2.
Lögd var beiðni um umsögn frá Sýslumanninum á Suðurlandi um rekstrarleyfi gistiþjónustu að Hlemmiskeiði 2. Undirrituð af Agli Benediktssyni. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að ofangreint rekstrarleyfi verði veitt.
24. Önnur mál.
 - I. Húsaleigusamningur við sveitarstjóra. Oddviti lagði tillögu um að húsaleigusamningur milli Sveitarfélags og Kristófers Tómassonar sveitarstjóra um fast eignina Heiðargerði 7. Tillagan er þess efnis að leiga fyrir eignina verði 110.000 kr pr mánuð. Tillaga samþykkt samhljóða og oddvita falið að ganga frá samningnum og undirrita hann.
 - II. Samningur um snjómokstur. Sveitarstjórn lýsir óánægju með að ekki sé staðið við ákvæði samnings um snjómokstur hvað varðar tímasetningar opnana sem getið er í samningnum. Ef ekki verður bætt úr, sér sveitarstjórn sig knúna til að segja upp samningnum.

Mál til kynningar :

- A. Tilkygning Skipulagsstofnun. Varðar Hvammsvirkjun.
- B. Afgreiðslur byggingafultrúa. 11.11.15
- C. Afgreiðslur byggingafultrúa. 24.11.15
- D. Ályktanir Ársþings SASS 29- 30 okt 2015.
- E. Fundur stjórnar SASS nr 499.
- F. Fundur stjórnar SASS nr 500.
- G. Fundur stjórnar SOS nr 243.
- H. Fundur stjórnar SOS nr 244.
- I. Hitaveita Gnúpverja ársreikningur 2014.
- J. Jöfnunarsjóður, framlög til nýbúafræðslu.
- K. Rekstrarleyfi Hestakrá.
- L. Þingskjal 405. Stefna í geðheilbrigðismálum.
- M. Breyting á Lögræðislögum.
- N. Reykholtslaug, greinargerð.
- O. Reykholtslaug, vettvangsskoðun.
- P. Úrbætur í Brunavörnum Þjósárskóli.
- Q. Sunnlenski skóladagurinn 2016.
- R. Skipulagsstofnun- hugmyndahefti.
- S. Frumvarp til laga um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga.

Fundi slitið kl 18:45.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 6. janúar næstkomandi.





Helgiöld um jól og áramót

24. desember - aðfangadagur:

Guðsþjónusta á aðfangadagskvöld í *Stóra-Núpskirkju kl. 23.*

25. desember - jóladagur: Hátíðarmessur. *Hrunakirkja kl. 11 og Ólafsvallakirkja kl. 14.*

Ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld í *Hrepphólakirkju kl. 22.*
Kirkjan lýst upp með kertaljósum.

31. desember - gamlársgagn Guðsþjónusta í *Tungufellskirkju kl. 15.* Aftansöngur í *Stóra-Núpskirkju kl. 16:30.*

3. janúar – fyrsti sunnudagur í nýári:

Nýársmessu í *Hrepphólakirkju kl. 14.*



Sjáumst í kirkjunum um hátíðarnar.
Guð gefi okkur góða aðventu og gleðileg jól.
Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Kvenfélag Gnúpverja er með til sölu kærleiksenglana fyrir árið 2016.

Allur ágóði af sölnni rennur til Sjúkrahúss Suðurlands.
Á síðasta ári hóf Samband sunnlenskra kvenna framleiðslu
á englum til styrktar sjúkrahússins.
Einn engill er gefinn út á hverju ári og er hönnuður þetta
árið Þórunn Sigurðardóttir.

Englarnir eru tilvaldir í ýmsar tækifærisgjafir
og engillinn 3.300 kr.

Þeir eru til sölu hjá:

Bryndísi Baldursdóttur sími: 869-1112
Sigrúnu Símonardóttur sími 893-6084



Kosning um nafn á sveitarfélagið.



Hægt verður að kjósa um nafn á sveitarfélagið utan kjörfundar á opnunartíma skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi (mánud.—fimmtud. kl. 09-12 og 13-15 og föstud. kl. 09-12) frá 15. desember til og með föstud. 8. janúar 2016.

Kjörskrá liggur frammi á skrifstofunni á sama tíma.

Kjörfundur verður laugardaginn 9. janúar 2016 **kl.10 -18** í **Bókasafninu í Brautarholti.**

Sömu reglur gilda um þessa kosningu og þegar kosið er til sveitarstjórnar. Sveitarstjóri

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.



Vetraropnunin 2015 -2016

Opið daglega frá kl. 11:00 - 21:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar Þér að ná jafnvægi!

LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi

<http://www.fontana.is>



Sárabót –fyrir alla– í nýjum umbúðum!

Nú er sárabót komin í nýjar umbúðir. Ný lína fyrir menn og önnur fyrir skepnur. Einnig komin á markað leðurfeiti úr minkafitu, góð fyrir hnakka og skó. Höfum þessa góðu vöru alltaf til sölu.

Katrín og Stefán, Ásaskóla. S: 4866047- 8986047-8658776.



SKINN OG SKART.

Höldum áfram í desember

Hef til sölu minkaskinnshúfur og trefla.

Einnig handþrjónaðar barnahúfur úr soðinni ull. Svo er skartið að sjálfsögðu upplagt í jólagjafir. Hafið samband í síma 4866-047 eða 8986047

Katrín,
Ásaskóla.



Frá oddvita

Þar sem þetta er síðasta fréttabréf ársins vil ég nota tækifærið og óska sveitungum mínum sem og öðrum lesendum fréttabréfsins gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

Einnig vil ég þakka starfsmönnum hreppsins vel unnin störf á árinu.

Á öðrum stað hér í fréttabréfinu fer Kristófer yfir fjármál sveitarsjóðs. Eins

og þar kemur fram er staðan góð. Við höfum kosið að nýta ekki alla tekjustofna.

Þá hefur sveitarstjórn í nokkur ár létt undir með eldri borgurum sem þurfa heimilisaðstoð með því að rukka ekki fyrir hana. Svo eru tómstundastyrkir og gjaldfrjáls leikskóli póstar sem koma barnafjölskyldum til góða.

Í vinnu við fjárhagsáætlun fyrir næsta ár var farið yfir rekstur þessa árs og síðustu ára og skoðað hvar mætti gera betur. Víða er verið að hagræða.

Einn pósturinn sem var skoðaður er rekstur sundlauganna. Flestar sundlaugar eru reknar með tapi. Neslaug og Skeiðalaug eru engar undantekningar að því leyti. Það er ákveðin þjónusta við íbúana að bjóða upp á aðstöðu til sundiðkana. En hversu langt á að ganga í þjónustunni?

Ákveðið hefur verið að loka Neslaug frá desember og fram í mars. Þar er ekki eingöngu verið að spara heldur byggist ákvörðunin á hver aðsóknin er. Á þessum tíma undanfarin ár hafa að meðaltali tveir gestir komið á klukkutíma í Neslaug. Á sama tíma eru rúmlega sex gestir á klukkutíma í Skeiðalaug.

Eins kemur í ljós að yfir sumartímamann er aðsókn á hverja klukkustund sem er opið - eftir mánuðum nokkuð góð í Neslaug en lakari í Skeiðalaug. Því er eðlilegt að fækka þeim tímum sem opið er í Skeiðalaug á sumrin.

Á meðan aðsókn er þetta góð í Skeiðalaug er reiknað með að hún verði opin á mánuðögum og fimmtudögum.

Kær kveðja. Björgvin Skafti Bjarnason.



Hér í Leikholti er alltaf mikið um að vera, mikil gleði og gaman.

Þann 16. nóvember á degi íslenskrar tungu var einnig síðasti starfsdagur

Möggu okkar, Margrétar Steinþórsdóttur. Þann dag buðum við henni að koma og hlusta á börnin syngja lög og vísur í tilefni dagsins. Börnin gáfu henni svo mynd sem þau höfðu teiknað og litað í kveðjugjöf. Við þökkum Möggu kærlega fyrir samstarfið yfir öll árin og óskum henni alls góðs í framtíðinni.

Í desember verður ýmis jóladagskrá í gangi, ýmist að fönndra jólasbraut, perla jólamynd og skoða og lesa jólasögur og söngva. Þann 8. desember mun Bernd Ogródnik frá Brúðuheimum koma

og sýna okkur jóla-leikritið Þönnukak-an hennar Grýlu og 1. og 2. bekk í Þjórsárskóla er einnig boðið að koma. Föstudaginn 11. desember verður jólasveina-húfudagur hjá okkur og þá mega allir koma með jóla-sveinahúfu. 15. og 16. desember verða piparkökur bakaðar og málaðar og 18. desember verða Litlu jólin, þá verður dansað í kringum jólatréð, sungið og haft gaman.

Við í leikskólanum Leikholti óskum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs og þökkum fyrir allt gamalt og gott.

F.h. allra í Leikholti,
Elín Anna Lárusdóttir,
Leikskólastjóri.





Smárafréttir

DESEMBER 2015



Hæ krakkar, okkar er ánægjan að segja frá skemmtilegri haustferð okkar! Föstudaginn 30. október fórum við með Logakrökkunum í stærstu rútu sem ÞÁ hafði upp að bjóða í árlega haustferð okkar. Fyrst heimsóttum við Kjarr og fengum við flottar móttökur og veitingar. Þar var börnum boðið að setjast á sjálfann höfðingjann Stála frá Kjarri!! Næst héldum við í Grænhól til Gunnars og Krissu.

Ekki voru móttökurnar eða veitingarnar síðri þar. Fengum við svo að sjá þá Topp, Gígjar og Gára frá Auðsholtshjáleigu.

Við þökkum þeim öllum kærlega fyrir hlýjar móttökur! Mikil upplifting og innblástur fyrir unga hestamenn! Loks enduðum við á að fara á Mika í glæsilegt pizzahlaðborð. Allir saddir, sælir og sáttir eftir mjög skemmtilegan dag! Takk fyrir okkur!

Hér til hliðar kemur svo fyrirhugað plan fyrir 2016! Þetta er "lifandi" plan og biðjum við alla að fylgjast vel með tilkynningum á Facebook síðu Smáarakrakkar.

Öllum þeim sem komu að Æskulýðstarfi Smára, sem studdu okkur með vinnu, peningum og gjöfum, eru færðar kærar þakkir!



Hekla Katharína Kristinsdóttir kom til okkar í reiðhöllina á Flúðum og var með flotta sýnikennslu í lok nóvember.



DAGSKRÁ 2016

(birt með fyrirvara um breytingar)

JANÚAR	Fræðslukvöld með Guðríði Evu dýralækni
JANÚAR	Upplýsingakvöld um æskulýðsstarf f. börn og foreldra
24 JANÚAR	Aðalfundur Smára
13 FEB	1 vetrarmót
19 FEB	Uppsveitadeild fullorðinna
5 MARS	Uppsveitadeild Æskunnar
6 MARS	2 vetrarmót
FEB-MARS	Námskeið fyrir lengra komna með eigin hesta -undirbúningur fyrir Uppsveitadeild Æskunnar
18 MARS	Uppsveitadeild fullorðinna
23 MARS	Sameiginlegt töltmót Smára, Loga og Trausta
8 APRÍL	Uppsveitadeild fullorðinna
16 APRÍL	Uppsveitadeild Æskunnar
23 APRÍL	3 vetrarmót
MARS-MAÍ	Reiðskóli með Steina í Syðra-Langholti
7 MAÍ	Uppsveitadeild Æskunnar
27-29 MAÍ	Hestheimaferð
MAÍ-JÚNÍ	Þjálfun fyrir Landsmót
26 JÚNÍ	Brokk og Skokk
27.6-3.7	LANDSMÓT Á HÓLUM



Hestamannafélagið Smári þakkar félögum sínum og öllum þeim sem hafa starfað með okkur á einn eða annan hátt á árinu 2015 kærlega fyrir ánægjulegar stundir í fjölbreyttu starfi félagsins. Gleðileg jól og farsælt komandi ár með von um gott samstarf á komandi vetri.



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Danssýning 12. nóvember

Í haust fengu nemendur danskennslu frá Silju Þorsteinsdóttur í 10 vikur. Hún kenndi nemendum grunnspor í samkvæmisdönsum og zumba dansa. Gaman að fylgjast með áhuga nemenda á dansinum og þeir sýndu afraksturinn með flottri danssýningu.



Dagur íslenskrar tungu

Við höldum Dag íslenskrar tungu hátíðlegan mánudaginn 16. nóvember. Að þessu sinni var dagurinn helgaður 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. 3.- 4. bekkur flutti dagskrá um stöðu kvenna á fyrri árum og sögðu frá kvikmyndinni Næturgangan eftir Svövu Jakobsdóttur þar sem vinnukona gerir uppreisn gegn kynjamisrétti. 5.- 7. bekkur tók fyrir ljóð eftir konur í tilefni af 100 ára kosningarétti kvenna. Þau völdu sjálf ljóðin og fluttu þau. Einnig var 7. bekkur með tilvísun í ævi Ólínu Jónasdóttur og sögðu frá hjásetu og leikjum sem börn léku sér í hér áður fyrr. Börnin í skólanum sungu lög um konur og eftir konur undir



stjórn
Helgu



Aðventukvöld

Sunnudaginn 29. nóvember var fyrsti sunnudagur í aðventu og þá vorum við með árlega skemmtun í Brautarholti. Þar léku börnin helgileik og sungu lög undir stjórn Helgu Kolbeins. Einnig sungu kirkjukórinn og Tvennir tímar, kór eldri borgara og allir kórarnir sungu saman í lokin. Fyrir marga markar aðventukvöldið upphaf jólaundirbúnings. Hátíðleg stund þar sem nemendur voru til fyrirmyndar.



Starfsfólk Þjórsárskóla sendir ykkur ósk um gleðilega hátíð.

Meiraprófsbílstjóri óskast.



Flúðaleið ehf, sem sér um vöruflutninga fyrir Eimskip og Samskip í uppsveitir Árnessýslu, óskar eftir meiraprófsbílstjóra til að sinna akstri á sendibílum, flutningabílum og trailerum.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Pálmari í síma 892-2370 og á netfanginu: fludaleid@simnet.is



**Jólaball kvenfélaganna í
Skeiða- og Gnúpverjahreppi**
verður haldið í Árnosi þriðjudaginn
29. desember kl. 15:00.

Sr. Óskar H. Óskarsson heimsækir okkur.

Jón Bjarnason sér um fjörið og jólasveinar mæta á svæðið. Fólk er beðið um að koma með eitthvað góðgæti á hlaðborðið. ☺

Aðgangseyrir 500 kr. fyrir 17 ára og eldri.

Allir velkomnir.

Nefndin.



Velferðarþjónusta Árneshvíls í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181

www.arnesthing.is

Forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls er María Kristjánsdóttir


maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

HATTABALL Á HESTAKRÁ 2. JANÚAR 2016! Takið kvöldið frá ☺



Skötuveisla Við Faxa.

Við verðum með skötuveislu í hádeginu á Þorláksmessu frá 11:30 til 14:00. Á borðum verður skata og saltfiskur ásamt klassísku meðlæti.



Verð 2.500 kr á mann.

Hálfvirði fyrir börn á grunnskólaaldri og frítt fyrir yngri.

Borðapantanir í síma 774 7440 í síðasta lagi 22. desember.




Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.



Jólamarkaður og jólatrjáasala Björgunarfélagsins Eyvindar

Laugardaginn 12.desember verður okkar árlegi jólamarkaður og jólatrésala í húsi okkar að Smiðjustíg 8 á Flúðum.

Jólamarkaðurinn byrjar kl 13 og verður til kl 16. Jólatrjáasalan verður frá kl 13 til kl 20 laugardag og frá kl 14 til 17 sunnudaginn 13.des.

Erum með allar helstu tegundir af jólatrjám. Á markaðinum eru mikið úrval af söluvöru og fjáröflunartombólan okkar verður á sínum stað. Í ár erum við að safna fyrir hand gps tækjum sem nýtast munu leitar og björgunarhópum í útköllum.

Heitt súkkulaði og piparkökur verða í boði.

Um kl 14:30 koma jólasveinar sem ætla að gefa krökkum smá jóla glaðning.

Við stöndum einnig fyrir flóamarkaði sem verður í næsta húsi við björgunarsveitarhúsið, Smiðjustíg 10.

Þeir sem hafa áhuga á að panta söluborð á markaði og á flóamarkaði, vinsamlegast hafið samband við Else í síma 690-6024 eða á netfangið else@internet.is borðaleiga kosta 1000 kr.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Með jólakveðju Björgunarfélagið Eyvindur.

Enga Hvammsvirkjun

Mér hlýnaði um hjartarætur þegar ég las „Athugasemd við bókun...“ eftir Odd Bjarnason og Sigrúnu í Fossnesi, í síðasta Fréttabréfi 10 tbl. Ég var svo ánægð að sjá á prenti að það væru ekki allir Gnúpverjar búnir að kæla hjartað sitt í ísköldu jökullóni og förna þessu fallega svæði og ánni með sínu lífríki.

Við sumarhúsaeygendur sem byggðum úr landi Haga eigum 31 ha. af landi við Þjórsá og veiðirétt í henni. Við höfum aldrei samþykkt virkjun. Við vorum boðin á kynningarfund um fyrirhugaða virkjun hjá Landsvirkjun að Háaleitisbraut þann 3. ágúst 2005 og var ég þá strax á þeim fundi mjög ósátt. Síðan hefur enginn frá Landsvirkjun talað við okkur og enn síður samið um neitt.



Ef til vill eru sumarhúsaeygendur með veiðirétt í ánni og stórt land við hana ekki venjulegt fólk, það tekur ekki fyrir neinn að tala við það.

*Með bestu kveðju og hátíðaróskum.
Guðrún Haraldsdóttir frá Haga.*



Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfus

*Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt*





AFMÆLISHÁTÍÐ

VELKOMIN Í 15 ÁRA AFMÆLISVEISLU LANDSTÓLPI



Í tilefni 15 ára afmælis okkar bjóðum við öllum í afmælisveislu í höfuðstöðvar Landstólpi á Gunnbjarnarholti föstudaginn 11. desember.

Fjölskyldudagskrá frá kl. 13.00 til 18.00

14.00 Pylsuveisla

14.30 Jólaveinar kíkja í heimsókn

15.00 Keppni í okuleikni á Giant liðlettingum

16.00 Syning á Trioliet heilfóðurblandara, stæðuskera og rulluskera/skrælara

Krap fyrir börnin og ródeó nautareid í boði allan daginn.

Kvölddagskrá frá kl. 20.00 með léttum veitingum

Bændaródeó - keppni í nautareid

Uppboð til styrktar Íþróttafélaginu Suðra

Karlakór Hreppamanna

Trúbador: Sigvaldi Helgi Gunnarsson

Flugdasyning

Veislustjóri: Jóhann G. Jóhannsson

Hlökkum til að sjá ykkur.



Tilboð og kynningar allan daginn

15% afsláttur af Josera vörum

Ýmis afmælistilboð í versluninni

Prufukeysla á Giant liðlettingum

Sölustjóri Josera gæludýrafóðurs til viðtals

de Heus kynningarbás fyrir kjarnfóður

Josera kynningarbás fyrir Josilac og stein- og bætiefni

Mustad kynningarbás með skeifum og fl.

Vinnur þú 30.000 kr. vörutækt?

📌 Lækaðu við facebook.com/landstolpi og deildu afmælisviðburði okkar.

Alla virka daga í næstu viku drögum við út 30.000 kr. vörutækt í verslun okkar.



Pistill á aðventu



Enn eitt árið er senn á enda. Margt má um það segja rétt eins og þau sem á undan eru gengin. Íslenski veturinn hefur minnt ræki-lega á sig að undanfögnu eftir hlýtt og vætusamt haust. Haustið var drjúgt til framkvæmda en það reyndi mjög á þolrif kornbænda en ég held að fjárbændur hafi almennt verið sáttir við fallþungann. Lausafjárstaða sveitarsjóðs hefur oft verið rýmri en um þessar mundir, en það er ekkert til að hafa áhyggjur af og hef ég fulla trú á að úr rætist innan tíðar. Ekki skulum við gleyma því að svokallað skuldahlutfall sveitarsjóðs nam aðeins 23 % um síðustu áramót, það er með því lægsta sem þekktist. Hrein bókfærð eign nam 543 milljónum króna í lok árs 2014. Stærsti hluti skulda er vegna fjárfestingar í ljósleiðaranum. Í rekstri sveitarfélagsins hefur áherslan verið á þann veg býsna lengi að gera vel við íbúana frekar en safna miklu í sjóði. Útgjaldaliðir síðustu misseri hafa verið þyngri en búist var við og væntingar um útsvarstekjur hafa ekki staðist fyllilega. Þó gæta þurfi aðhalds í rekstri verður leitast við að halda uppi því þjónustustigi á komandi ári sem verið hefur. Almennur vistunartími í leikskóla er gjaldfrjáls eins og kunnugt er. Þar hefur sveitarstjórn okkar gengið lengra en dæmi er um á Íslandi eftir því sem næst verður komist. Heimabjónusta við aldraða er gjaldfrjáls. Því verður ekki breytt í náinni framtíð. Flest önnur sveitarfélög innheimta gjald fyrir þá þjónustu.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur styður betur en flest önnur sveitarfélög við tónlistarnám barna og unglinga. Að ónefndum tómstundastyrk sem er hærri en þekktist annarsstaðar. Þó að gjaldskrá fyrir sorþþjónustu verði hækkuð 2016 um 10 % er hún samt lægri en víða gerist annars staðar. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 hefur verð samþykkt mótatkvæðalaust af sveitarstjórn. Gert er ráð fyrir að skatttekjur nemi í heild 451,1 milljón króna og heildartekjur 512 milljónum. Áætlað er að rekstrarafgangur af sveitarsjóði verði um 26,6 milljónir króna. Veltufé frá rekstri er áætlað 52,9 milljónir króna. Meðal útgjaldaliða má nefna að launagreiðslur og launatengd gjöld munu nema um 188,5 milljónum króna samkvæmt áætlun. Til stendur að framkvæma á næsta ári fyrir 34,5 milljónir króna. Þar vegur þyngst gatna-gerð og fráveituverkefni.

Ekki hefur farið fram hjá neinum að til stendur að kjósa um nafngift sveitarfélagsins. Eins og ég hef áður nefnt er ég ekki baráttumaður fyrir

nýju nafni og mun taka hverju því nafni sem verður fyrir valinu. Mér þykir vænna um núverandi nafn en mér þótti þegar ég hóf hér störf. Engu að síður gætu sum þeirra nafna sem kosið verður um sómt sér vel sem heiti á sveitarfélaginu. Niðurstaða í þessum efnum verður ljós í janúar eftir eina eða tvær kosningar. Umfram allt hvet ég íbúa til að taka þátt í kosningunni. Mönnum hefur orðið tíðrætt um að kostnaður við nafnabreytingu verði mikill og nefnt þar milljónir. Það er fjarri því að slíkur kostnaður geti hlaupið á milljónum.

Þegar þetta er ritað bíðum við með eftirvæntingu eftir niðurstöðu frá Skipulagsstofnun um hvort beri að endurskoða umhverfismat um Hvammsvirkjun sem framkvæmt var 2003. Óneitanlega verð ég var við að sitt sýnist hverjum í þeim efnum. Fari svo að umhverfismat verði ekki endurskoðað eru líklegt að farið verði að undirbúa framkvæmdir við Hvammsvirkjun fljótlega á nýju ári. Þar með eru taldar framkvæmdir við vega- og brúargerð við Þjórásá. Ef til endurskoðunar á mati kemur mun það vafalaust taka talsverðan tíma. Hvað sem þeim framkvæmdum líður, mun stækkun Búrfells fara af stað með vorinu. Sú framkvæmd virðist vera óumdeild. Ekki er annað að sjá en hún muni falla vel að þeim mannvirkjum sem fyrir eru við Búrfell. Framkvæmdatíminn mun í heild verða um tvö og hálf ár.

Ég vænti þess að vetur konungur muni verða mildur við okkur þennan veturinn þó að hann fari af stað með látum. Ég óska ykkur öllum kæru sveitungar gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári. Ennfremur vænti ég þess að við megum eiga áfram ánægjulegt samstarf á nýju ári. Er það ekki markmið okkar allra að gera betur á morgun en í gær?

Góðar stundir. Kristófer Tómasson



TAXI DRIVER

TAXI er á svæðinu sem þjónustar
Grímnlesið, Bláskógabyggð,

Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Með kv. TAXI DRIVER

Símar: 776 0810 & 783 1224



Glæsilegir Jólatónleikar í Skálholtskirkju þann 11. desember kl. 20:00

Þóra, Egill og Jón koma nú aftur saman ásamt Skálholtskórnum, Söngkór Miðdalskirkju og Kirkjukór Ólafsvalla- og Stóra-Núpskirkju undir stjórn Jóns Bjarnasonar og Þorbjargar Jóhannsdóttur til að færa ykkur jólin, með tónlist og gleði að leiðarljósi.

Þetta eru sjöundu jólin í röð sem kirkjukórar úr uppsveitum starfa saman á að-ventunni í Skálholti. Sigvaldi Kaldalóns skipar að þessu sinni stóran sess á tónleikunum, þar sem flutt verða þó nokkur falleg, þekkt og lítt þekkt jólalög eftir hann, ásamt fleiri flottum lögum sem hafa um árabil fært okkur jólin beint inn í hjarta og sál. Til að fullkomna hátíðleikann á tónleikunum höfum við fengið til liðs við okkur snillinga tvo, óbóleikarann Matthias Nardeau og trompetleikarann Jóhann Stefánsson. **Aðgangseyrir er 2.500,-kr.**

Allir hjartanlega velkomnir - Hlökkum til að sjá ykkur



Fótaaðgerðastofan á Heimalandi, Flúðum

Minni á að ég hef opnað fótaaðgerðastofu á Heimalandi sem verður opin á miðvikudögum, einnig verður hægt að fá aðra tíma eftir samkomulagi. Allir eru hjartanlega velkomnir, vonandi getið þið notfært ykkur þessa þjónustu.



Tímamantanir í síma 863-0433.

Sólveig Jóhannsdóttir, löggildur fótaaðgerðarfræðingur.

Þjónusta vegna ljósleiðarans!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýttengingum og línubókhalði Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans.



Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson



www.Híalín.is

Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.



Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com



ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM ★ OPNUNARTÍMI ★ Í DESEMBER

OPIÐ: mán. miðvikud. og föstud. 13.00 – 17.00

ÞRIÐJUDAGA OG FIMMTUDAGA LOKAÐ.

OPIÐ: LAUGARD. 11.00-13.00

SÍMI: 856-1580

Fyrstur kemur fyrstur fær!!

Til sölu er þessi glæsilega rennireið sem er Skoda Octavia árg. 2004. Hún hefur flutt margan höfðingjann og ekki síður glæstan varning í hinar fínustu veislur Íslandssögunnar til margra ára og alltaf staðið sína plikt. Hefur frá mörgu að segja og er mjög vel á sig komin ☺

Allar uppl. í síma 844-8211.

Njótið aðventunnar .



*Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.
Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.*



Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-8:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 12:00

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla söluaðila.

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8-12 og 13-17 alla virka daga. Sími skrifstofu 486-1070, Halldóra og 892-2370 Pálmar

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371-Dawid útkeyrsla og Selfoss

892-2372-Kamil Flúðir-Reykjavík.

892-2316-Lukasz útkeyrsla

892-2308-Trailer.



*Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar*

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og plökkun.



**Tímapantanir í
síma: 856-1599**

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja er:



Munum það ! ☺



Á bak við eldavélina!

Guðbjörg Kolbeinsdóttir, Hamarsholti leggur hér til uppskrift mánaðarins.



Ég þakka Björgu Evu fyrir að benda á mig og sendi hér uppskrift af gúlassúpu fyrir ca.10 og góð rúnstykki til að hafa með henni

Gúlassúpa fyrir ca 10 -15 manns

1,5 kg smátt skorið nautagúllas.

1 lítið bréf beikon skorið og steikt með kjötinu.

4 laukar skornir og settir í pottinn

6 hvítlausrif skorin smátt eða pressuð

Ca 6 matskeiðar olía til að steikja upp úr.

2-2,5 matskeiðar paprikuduft

2 til 3 lítrar vatn.

2 til 3 matskeiðar nautakraftur.

Þetta látið sjóða í ca 40 mínútur.

2 dósir niðursoðnir tómatar

má líka hafa tómátþurru

slatti af chilísósu.

4-6 gulrætur.

Nokkrar hráar kartöflur skornar í bita,sveppir að eigin vali, ferskir eða í dós með safi.

3 paprikur skornar í bita settar í restina.Má hafa smávegis selderý ekki nauðsynlegt.

Salt, pipar og fleiri krydd að eigin vali. Suðutími í allt ca 70 mínútur, eða þar til allt er soðið. Það má minnka uppskriftina ef er færri fólk.



Rúnstykki ca 40 st.

20-30 gr olía

7 desl. mjólkurbland

2 pk þurrger.

1-2 tesk. púðusukur.

1 tesk. salt

1 kg. hveiti þar af 1 bolli

heilhveiti.

1-2 matsk. hveitiklíð.

Hnoðað látið lyftast, búnar til bollur og látið lyftast aftur.

Stráð sesamfræi ofan á. Bakað í 10-15 mínútur við 210 gráðu hita.°C

Verði ykkur að góðu.

Svo skora ég hann Jónas Yngva Ásgrímsson í Brautarholti að koma með næstu uppskrift Guðbjörg.





Menn og Málefni!

Bryndís Eva Óskarsdóttir og Bjarni Músson bændur í Háholti, eignuðust sitt annað barn þann 13. nóvember s.l. Það er drengur og vó hann 2370 gr og 45 cm.

Fyrir er hann Már Óskar, stóri bróðir sem er að verða 5 ára og er þaulvanur leikskólamaður í Leikholti. Við óskum fjölskyldunni innilega til hamingju með drenginn.




Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna:

Hljómdiskurinn, „Ó, syng þínum Drottni“, með nokkrum völdum sálum sr. Valdimars Briem (1848-1930) á Stóra-Núpi kom út nú í byrjun desember. Það er Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna sem syngur sálmana undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista. Af þekktum sálum sem kórinn syngur má nefna „Þú Guð sem stýrir stjarnaher“, „Ég horfi yfir hafið“, „Í dag er glatt í döprum hjörtum“ og „Nú árið er liðið“. En alls eru á diskinn sungnir ellefu sálmar úr sjóði sr. Valdimars sem tvímæla laust má flokka sem eitt besta og afkastamesta sálmaskáld okkar Íslendinga. Auk sálanna leika þau nokkur orgelverk á diskinn, Þorbjörg Jóhannsdóttir organisti og Haukur Guðlaugsson, fv. söngmálastjóri kirkjunnar. Upptökur á diskinn fóru fram í Skálholtskirkju sl. vor og var öll hljóðvinnsla unnin af Halldóri Víkingssyni. Umgjörðin utan um hljómdiskinn er sérlega vönduð en á forsiðu er málverk af sálmaskáldinu sr. Valdimar Briem eftir Ásgrím Jónsson listmálara. Þá eru einnig myndskreytingar við nokkra sálma eftir Katrínu Briem.

Sóknarpresturinn, sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, ritar formála og fjallar þar um sálmafsveðskap sr. Valdimars. Hljómdiskurinn „Ó, syng þínum Drottni“ er seldur í Sunnlenska bókaaffinu á Selfossi Lyfjuútibúi í Laugarási en auk þess er hægt að nálgast diskinn hjá kórfélögum í Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna. Einnig er ægt að senda póst á kirkjukorinn2015@mail.com eða hringja í 863-9518 og panta. Þá er gefið upp bankanúmer sem hægt er að greiða inn á og síðan er diskurinn sendur viðkomandi.

F.h. Útgefanda. khg.



Afréttakortið, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna. Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr. 500,-**
Gott á fjöllin fyrir útvistarfólkið og í jólapakkann... ☺

Daglegar vöruferðir í uppsveitir
Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Í tilefni af 15 ára afmæli okkar þá gefum við

15%

afmælisafsláttur af

Josera.

**gæludýrafóðri, saltsteinum, steinefnablokkum, steinefnafötum,
vítamínblokkum, Supramil T mjólkurdufti**

*Óskum
viðskiptavinum
okkar sem og
landsmönnum
öllum gleðilegra jóla*



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
Sími 480 5600

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi
Neslaug S: 486-6117 Skeiðalaug S: 486 5500



Vetraropnun frá 1. des. 2015

**Neslaug Lokuð til 19. mars
2016**

Skeiðalaug Opin:

Fimmtudaga: 18 — 22

Mánudaga í des. 18 — 22

Jólabað í Skeiðalaug!

Skeiðalaug verður opin á
aðfangadag kl.10:00 -14:00

Tilvalið tækifæri til að minnka
biðraðir á baðherbergið heima
fyrir. Kaffi og djús ásamt pipar-
kökum í boði hússins ☺

Frítt í sund. - Svo koma jólin!
Skeiðalaug lokuð á

Vörur tengdar sundi seldar í
afgreiðslum lauganna.

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Aðeins er 10 mínútna akstur
á milli lauganna.

Frítt fyrir 70 ára og eldri.
Frítt fyrir öryrkja gegn
framvísun skírteinis.

Neslaug og
Skeiðalaug eru á 

Fylgist með þar ☺

Frítt í sund fyrir 18 ára og
yngri sem eiga lögheimili í
sveitarfélaginu.



Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð frá
hádegi á Þorláksmessu og opnað aftur eins og
venjulega, 28., 29. og 30. desember.

Lokað gamlársdag og opnað svo
2. janúar með venjubundnum hætti.

Gleðilega hátíð! Starfsfólk skrif-

